

Fundur 26.2.2024 Alexei Navalní. Stjórnarandstæðingur í Rússlandi, ný látinn.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Fagna ég ykkur og þakka fyrir að komast í sambandið, það var sagt að ég hafi verið námsfús í æsku og ég hafi átt auðvelt með að tileinka mér námsefnið, en mér finnst ég aldrei hafa lært eins mikið á eins stuttum tíma eins og þegar ég komst á þennan nýja hnött.

Og eru þetta mér stöðug undrunarefni og fagna ég öllu í sambandi við þessa nýju tilveru og hafði ég mikinn áhuga á því að komast í samband við ykkur og finn ég að mikill er stuðningurinn við okkar málstað og geri ég mér einnig grein fyrir því að merkilegt er ykkar land fyrir þá sök að vera fyrsta landið sem uppgötvaði þessi vísindalegu sannindi á bak við þetta samband, þetta mikla samband.

Og gleður það mig mjög að vera kominn í sambandið og hefði ég búið við að vera kominn í andaheim og tala við anda, en veit ég nú að þið hafið fulla þekkingu á þessum málum og vitið að við erum efniskennnd eins og þið.

Já á skömmum tíma hefur þetta gerst og fara nokkrir dagar í það að klípa sig og trúna eigin augum og skilningarvitum og spyrja allra handa spurninga og fá svör og meðtaka svörin og spyrja sig að því hvers vegna þetta er svona en ekki öðruvísi.

Já held ég að ég sé komin yfir mestu undrunina og var mér sagt að ekki þyrfti ég að óttast ykkar viðtökur enda væri stuðningur við okkur mikill í ykkar heimshluta, Alexei Navalní.

*Navalní.*

Já.

*Kominn strax ?*

Já.

*Vertu velkominn.*

Þakka ég fyrir, já mér var hér vel fagnað og hef ég hér rætt við Gorbachev og fleiri sem eru staddir á þessum hnetti og hef ég lært það að Soveska þjóðin er klofin eins og Vesturlönd og ekki fara allir Vesturlanda búar á sama hnöttinn og ekki fara allir Rússar á sama hnöttinn, þar sem skoðanirnar eru skiptar og ráða þar miklu um.

Já vil ég gjarnan koma síðar og er mér sagt að ég muni hafa orku til þess, er ég hér orðinn orku mikill og farinn að standa í fætturna, laus úr sjúkrahúsinu.

Var mér sagt að ég þyrfti að fá sprautur, en ekki veit ég hvernig þeir gerðu það, en það gekk sú kjaftasaga um fangelsið þar sem ég var, að þeir væru að nota okkur sem tilraunadýr fyrir alls kyns efni sem þeir væru að rannsaka og vildu ná lengra en Vesturlönd í eiturefna hernaði og hafði það því, var ég orðinn veikur af flensum og Córd í fangelsinu og var mér sagt að sprauturnar ættu að hressa mig en höfðu mismunandi áhrif.

Og er ég nú sannfærður um að þessi kjaftasaga er sönn og samsæriskenning að það er leynileg áætlun um að þróa eiturefni til að senda á heimsbyggðina eða óæskilega einstaklinga. Og er ég viss um að ég var ekki fyrsta fórnarlambið.

Vil ég gjarnan koma síðar, finn ég orkuna minnka, hef ég margt að segja við ykkur og hef fulla trú á því að Rússland muni öðlast frelsi og lýðræði með tímanum og vona að ég hafi lagt mitt á vogarskálar. Gorbachev biður að heilsa og þakka ég fyrir mig og kveð ég ykkar að sinni og mun ég reyna að koma síðar, verið þið sæl.

*Við biðjum að heilsa Gorbachev og vertu sæll og gangi þér vel.*

Já takk fyrir.